

18 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Nemendasjóð Gagnfræðaskóla Vesturbæjar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Gagnfræðaskóla Vesturbæjar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Gagnfræðaskóla Vesturbæjar.

2. gr.

Stofnfé hans er kr. 100.000, sem stjórn skólafélagsins hefur lagt fram. Í sjóðinn skal renna allur hagnaður, sem verða kann af árshátíðum skólans. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styrkja nemendur Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, ef veikindi og fjárskort ber að höndum.

4. gr.

Eigi má verja ár hvert meira fé úr sjóðnum en sem nemur $\frac{3}{4}$ ársvaxta hans. Hinn hluti vaxta og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Styrki skal eigi veita fyrr en sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Tvo kjósa nemendur úr sínum hópi til árs í senn, en skólastjóri er sjálfkjörinn formaður.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu kosnir til árs í senn af nemendum skólans. Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins getur almennur fundur nemenda skólans breytt, eftir að til hans hefur verið boðað með viku fyrirvara, fundarefnis getið og $\frac{3}{4}$ fundarmanna samþykkt breytinguna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

Reykjavík, 8. marz 1949.

F. h. nemenda Gagnfræðaskóla Vesturbæjar

Guðni Jónsson. Sig. Pétursson. Jón Gunnar.